

79
23. júní

L Ö G

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftir 1. okt. 1932 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 25% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum, ef hún álitur það nauðsynlegt vegna fjárhags ríkissjóðs. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 2 krónur hjá gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjald-daga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921, og breyt-ingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupum þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.